

Sp. 413. Tillaga til þingsályktunar [219. mál]
um framkvæmd ákveðinna greina laga um grunnskóla frá 21. maí 1974.

Flm.: Kristján Friðriksson.

Alþingi ályktar að skora á menntamálaráðherra og menntamálaráðuneyti — eftir því sem við á, að hlutast til um, að á næstu árum verði gerðar viðtækar tilraunir til að framkvæma vissar greinar grunnskólalaganna í samræmi við hugmyndir, sem fram hafa komið um það fræðslu- og uppeldisfyrirkomulag, sem nefnt hefur verið tvenndarskóli, sbr. greinargerð.

Þau ákvæði grunnskólalaga, sem framkvæmd verði samkvæmt þingsályktun þessari, eru í þeim greinum laganna, er hér skal vitnað til:

2. grein.
Þriðju málsgrein.

41. grein.
Sjöundu málsgrein.

42. grein.

Fyrstu málsgrein, svo og h)-lið annarrar málsgreinar og j)-lið sömu málsgreinar. Enn fremur þriðju málsgrein 42. gr.

65. grein.

Er hér um að ræða þá grein laganna, sem þingsályktunin aðallega styðst við.

Greinargerð.

Eins og alþingismönnum mun í fersku minni urðu mikil átök um setningu grunnskólaganna. Byggðist sá ágreiningur, að mati flutningsmanns, að verulegu leyti á mismunandi stefnum í skóla- og uppeldismálum. Í meðferð Alþingis tók grunnskólafrumvarpið þýðingarmiklum breytingum frá fyrri gerðum þess. Virðist augljóst, að ýmsar veigamestu breytingarnar hafi beinlínis verið gerðar í þeim tilgangi að opna leiðir til framkvæmda nýrrar stefnumörkunar í skólamálum og uppeldismálum.

Komið hafa fram hugmyndir um ákveðna tilhögun í skólamálum, sem flutningsmaður þessarar tillögu hefur gert grein fyrir í ræðu og riti — ásamt mörgum öðrum áhugamönnum um skóla- og uppeldismál.

Tillaga sú, sem hér er sett fram, gerir ráð fyrir, að menntamálaráðherra og menntamálaráðuneyti beiti sér fyrir því, að tekið verði upp það fyrirkomulag, sem nefnt er hér „tvenndarskóli“, í fleiri eða færri skólahéruðum. Verði síðan árangur þessara tilrauna athugaður sem gaumgæfilegast, bæði af skólarannsóknnum og öðrum hlutlausum aðilum.

Meginatriði tvenndarskólafyrirkomulagsins eru þau, er nú skal greina:

1. Reglubundið skólastarf innan kennslustofnana stendur yfir aðeins hálf árið, $5\frac{1}{2}$ til 6 mánuði eftir aðstöðu í skólahverfum. Þá er aðeins helmingur nemenda skólakerfisins innan veggja skólanna. Sennilega yrði hentugast, að annar helmingur nemenda hæfi þá nám um mitt sumar eða síðsumars, en lyki skóla-setu það árið um miðjan vetur. Þá kæmi inn í skólann sá helmingur nemendahópsins, sem utan skólaveggja hefði verið o. s. frv.
2. Sá hópur nemenda, sem utan skólans væri hverja árshelft, tæki þátt í daglegum störfum með fullorðnu fólki, en nyti þó á þeim tíma leiðbeininga umsjónarkennara, sem færi milli vinnu- og dvalarstaða nemendanna og fylgdist með aðstöðu þeirra til vinnunáms. Hann hefði eftirlit með því, að þeim yrði ekki ofþyngt með of miklu vinnuálagi, leiðbeindi um þroskavænlega nýtingu tómtunda o. s. frv. Hann leitaðist líka við að stuðla að því að nemendur fengju sem mest hver sinn leiðbeinanda á vinnustöðum, þannig að þátttaka þeirra í störfum yrði þeim til sem viðtækastra þroskunaráhrifa.
3. Sérstök námsskrá yrði gerð fyrir þessa nemendur — svonefnd kjarnanámsskrá — en náminu í bekkjadeildum að öðru leyti hagað í samræmi við þær hugmyndir, sem liggja að baki tvenndarskólahugmyndanna — en sem yrði of langt mál að rekja hér.

Tilgangur þessara breytinga væri m. a. þessi:

1. Að tengja uppeldið nánar hinu eðlilega og lífræna þjóðlífi heldur en unnt er með hinum hefðbundnu langskóla-setum.
2. Draga úr þeirri firringu (tengslaleysi), sem nútíma skólastefnu er samfara.
3. Gefa nemandanum kost á að læra að vinna á því mótunarskeiði unglingsáranna, sem hann er móttækilegastur fyrir vinnunám.
4. Bæta aðstöðu nemandans til að velja sér lífsstarf.
5. Draga úr námsleiða, með öllum þeim afleiðingum fyrir skólastarfið í heild, sem námsleiðinn hefur í för með sér.

6. Veita nemandanum gegnum vinnunámið þá „fyrirframþekkingu“, sem bætir aðstöðu hans til bóknáms (gerir hann viðtalshæfan).
 7. Draga úr þeirri hættu, sem nú vofir yfir skólakerfinu, að farið verði að reyna að „fara með atvinnulífið inn í skólana“ með geigvænlegum kostnaði — ásamt hættu á „gerviverknámskennslu“.
 8. Nýta að nokkru vinnuframlag unglunga í þjóðfélagsþágu — án þess að neyðst sé til að grípa til gerviatvinnu fyrir nemendur, eins og þegar eru orðin nokkur brögð að (Sumarvinnuskólar Reykjavíkurborgar).
- Hagnýting vinnuframlagsins er þó algjört aukaatriði í þessu sambandi, heldur er hér fyrst og fremst um að ræða uppeldisgildi vinnu nemenda með mismunandi aldursflokkum.
9. Að vinna bug á kynslóðabilinu — eða draga úr því.
 10. Spörun á milljónatugum eða hundruðum milljóna í skólabyggingum.
 11. Bætt skilyrði til skólastarfs, vegna húsrýmisrýmkunar.
 12. Bæta aðstöðu til hagkvæmrar nýtingar mismunandi kennslukrafta.

Eins og um getur í texta tillögugreinarinnar, er hér einkum stuðst við þá starfsfrankvæmd, sem 65. grein grunnskólalaganna gerir ráð fyrir að megi viðhafa.